



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagurinn 10. ágúst 2007

Ákvörðun nr. 37/2007

Beiðni um framlengingu á heimild Eldsneytisafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli ehf. til þess að starfrækja öryggis- og tækninefnd

I. Erindi EAK

Samkeppniseftirlitinu barst erindi frá Jóhönnu Krístrúnu Birgisdóttur hdl., dags. 3. júlí 2007, þar sem óskað var eftir því, f.h. Eldsneytisafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli ehf. (EAK), að heimild félagsins til að starfrækja öryggis- og tækninefnd verði framlengd.

Í erindinu er vísað til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 27/2005 *Beiðni olúfélaganna um undanþágu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga til rekstrar sameiginlegrar eldsneytisafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli* þar sem sameiginlegum rekstri Olúfélagsins ehf., Olúverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf. á EAK var veitt undanþága á grundvelli þágildandi 16. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 frá ákvæðum 10. gr. samkeppnislaga. Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. ákvörðunarorðs ofangreindrar ákvörðunar var olúfélögunum veitt heimild til að starfrækja fjögurra manna nefnd, skipaða fulltrúum eigenda EAK ásamt framkvæmdastjóra félagsins, sem myndi sjá um öryggis- og tæknimálefni fyrir EAK. Heimildin til þess að starfrækja nefndina var tímabundin til 1. júlí 2007.

Í ofangreindu erindi kemur fram að beiðni um framlengingu grundvallist einkum á fimm atriðum. Í fyrsta lagi væri til staðar mikil tæknileg sérþekking innan nefndarinnar sem ekki væri til staðar annars staðar. Í öðru lagi væru fyrirhugaðar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli við eldsneytislögn, þar sem EAK og Eldsneytisbirgðageymsla Keflavíkurflugvallar kæmu að málum og þörf væri á tæknilegri sérþekkingu. Í þriðja lagi væru framundan breytingar á eldsneytiskerfi og birgðastöð, sem herinn notaði á austurhluta flugvallarins, og væri aðkoma EAK vegna þeirra breytinga nauðsynleg. Í fjórða lagi starfaði EAK samkvæmt gæðastöðlum og handbókum frá erlendum olúfélögum í gegnum olúfélögin hér á landi. Væri nauðsynlegt að til staðar væri tenging inn í félögin gegnum nefndina vegna þessa. Í fimmta lagi væri ljóst að öryggismál við eldsneytisáfyllingar á flughlaði tengdust tæknilegum málum með nátengdum hætti, en slík mál geta komið til kasta nefndarinnar.



Að mati EAK fela öll þessi atriði í sér að nauðsynlegt sé að framlengja heimild nefndarinnar til að starfa áfram.

II.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins

1.

Eins og áður hefur komið fram er óskað eftir framlengingu á heimild EAK til þess að starfrækja fjögurra manna nefnd sem sér um öryggis- og tæknimálefni fyrir EAK. Nefndin hefur verið skipuð fulltrúum eigenda EAK ásamt framkvæmdastjóra félagsins. Þessi tímabundna heimild EAK til að starfrækja ofangreinda nefnd kemur fram í ákvörðunarorði ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 27/2005. Í þeirri ákvörðun fólst að veitt var undanþága frá ákvæðum 10. gr. samkeppnislaga að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

2.

Áður en tekin er afstaða til beiðnar EAK um undanþágu frá ákvæðum 10. gr. samkeppnislaga er nauðsynlegt að greina í stuttu máli frá forsögu og forsendum áðurgreindrar ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 27/2005.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004 *Ólögsmætt samráð Kers hf. (áður Olíufélagið hf.), Olíuverzlunar Íslands hf., Skeljungu hf. og Bensínorkunnar ehf., sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004*, var þeim fyrirmælum beint til olíufélaganna að leggja af viðskiptalega samvinnu í tengslum við sölu á fljótandi eldsneyti á Keflavíkurflugvelli. Í júní 2005 óskuðu olíufélögin eftir undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga til rekstrar EAK. Þann 22. júní 2005 veitti samkeppnisráð með ákvörðun nr. 27/2005 olíufélagunum undanþágu frá ákvæðum 10. gr. samkeppnislaga til rekstrar EAK, á grundvelli 16. gr. þágildandi laga, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þessi skilyrði grundvölluðust m.a. á eftirfarandi rökstuðningi:

„Þó ber að athuga að sameiginlegur rekstur keppinauta eykur hættuna á að viðkomandi fyrirtæki fari að taka tillit hvert til annars og þar með dragi úr virkri samkeppni á markaðnum. Á þetta sérstaklega við á fákeppnis mörkuðum eins og markaði þessa máls. Einnig verður að hafa hliðsjón af því að innan EAK fór fram umfangsmikið ólögsmætt samráð. Vísast hér til nánari umfjöllunar í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004. Í þessu ljósi og til þess að tryggja að samkeppni verði ekki raskað þá telur samkeppnisráð nauðsynlegt að setja samrekstri olíufélaganna á EAK skilyrði á grundvelli 2. mgr. 16. gr. samkeppnislaga sem fram koma í eftirfarandi ákvörðunarorði.“

Í ákvörðunarorði, nánar tiltekið 3. mgr. 1. gr. þess, kemur fram heimildin sem óskað er eftir að verði framlengd. Heimildin hljóðar svo:



„Heimilt verður að starfrækja fjögurra manna nefnd sem sér um öryggis- og tæknimálefni fyrir EAK skipaða fulltrúum eigenda EAK ásamt framkvæmdastjóra félagsins þó eigi lengur en til 1. júlí 2007. Á starfstíma nefndarinnar skal hún miðla nauðsynlegri þekkingu um öryggis- og tæknimálefni til EAK sem félagið þarf að búa yfir vegna þeirrar þjónustu sem það innir af hendi. Eftir að nefndin lætur af störfum verður starfsmönnum EAK einungis heimilt að ráðfæra sig við þá starfsmenn þeirra fyrirtækja sem eru eigendur að hlutum í EAK sem fara með öryggis- og tæknimálefni, hvern í sínu lagi. Fulltrúar eigenda EAK í nefnd um öryggis- og tæknimál mega ekki vinna að eða á annan hátt hafa með að gera sölu- eða markaðsmál eða önnur viðskiptatengd málefni fyrir þau félög sem þeir starfa hjá.“

3.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 27/2005 kemur fram að rekstur EAK raski samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga en hann var heimilaður að uppfylltum tilteknum skilyrðum með undanþágu á grundvelli 16. gr. eldri laga. Á meðal skilyrða var m.a. að rekstur EAK skyldi vera að fullu aðskilinn frá eigendum félagsins, þ.e. Olíufélaginu, Olíuverzlun Íslands og Skeljungu, og að stjórnarmenn, starfsmenn og eigendur þeirra félaga skyldu ekki sitja í stjórn eða varastjórn EAK. Þá var veitt heimild til tveggja ára til þess að starfrækja nefnd sem sæi um öryggis og tæknimálefni. Undanþágan sem var veitt, til þess að starfrækja umrædda nefnd, var hugsuð sem möguleiki EAK til þess að aðlaga sig að breyttu starfsumhverfi í kjölfar þeirra skilyrða sem EAK var gert að sæta með ákvörðun samkeppnisráðs. Á þessum aðlögunartíma átti nefndin að miðla til félagsins nauðsynlegri þekkingu um öryggis- og tæknimálefni sem EAK þurfti að búa yfir.

Eins og nánar er rakið í forsendum ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 27/2005 var tilefni skilyrða þeirra sem sett voru m.a. það mat samkeppnisyfirvalda að sameiginlegur rekstur keppnauta auki hættuna á að viðkomandi fyrirtæki fari að taka tillit hvert til annars og þar með dragi úr virkri samkeppni á markaðnum. Á þetta sérstaklega við á fákeppnismarkaði eins og þeim sem EAK starfar á. Einnig var höfð hliðsjón af því að innan EAK fór fram umfangsmikið ólögmætt samráð.

Í ljósi þess að starfsemi EAK telst fara gegn 10. gr. samkeppnislaga, félagið starfar á grundvelli undanþágu frá ofangreindu ákvæði samkeppnislaga og að teknu tilliti til þess að samkvæmt heimild í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 27/2005 átti ofangreind nefnd að starfa tímabundið, þá telur Samkeppniseftirlitið að ekki séu forsendur fyrir hendi til þess að framlengja heimild til þess að starfrækja umrædda nefnd. Í þessu samhengi er bent á að gert er ráð fyrir því í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 27/2005 að starfsmönnum EAK sé heimilt að ráðfæra sig við þá starfsmenn þeirra fyrirtækja sem eru eigendur að hlutum í EAK sem fara með öryggis- og tæknimálefni, hvern í sínu lagi. Með þeim hætti er, að mati Samkeppniseftirlitsins, mögulegt að tryggja að öryggis- og tæknimálefni séu í föstum skorðum.



III.

Ákvörðunarorð:

„Beiðni Eldsneytisafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli ehf. um framlengingu á heimild þess til að starfrækja fjögurra manna nefnd, skipaða fulltrúum eiganda félagsins ásamt framkvæmdastjóra þess, sem sér um öryggis- og tæknimálefni þess er hafnað.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson